**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1141** **2026/EES/55/03**

**frá 14. Desembe r 2023**

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða tiltekið kjöt, lagarafurðir, mjólkurafurðir og egg** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum a-, c-, d-, e- og f-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Einkum er í II. viðauka við þá reglugerð mælt fyrir um kröfur er varða ýmsar afurðir úr dýraríkinu og í III. viðauka við þá reglugerð er mælt fyrir um sértækar kröfur. Í I. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um kröfur um notkun auðkennismerkis á afurðir úr dýraríkinu. Í B-hluta I. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er vísað til Evrópubandalagsins í stað Evrópusambandsins. Skammstafanir á auðkennismerkinu þar sem vísað er til Evrópusambandsins ættu því að koma í stað tilvísana til Evrópubandalagsins. Slík útskipti skapa þó verulegt stjórnsýsluálag. Því ætti að kveða á um umbreytingartímabil þar sem vörur sem bera auðkennismerki með skammstöfuninni fyrir Evrópubandalagið fyrir lok umbreytingartímabílsins mega vera áfram á markaði.

2) Að auki er nauðsynlegt að útlista nánar tengslin milli útfærslu auðkennismerkisins sem krafist er með reglugerð (EB) nr. 853/2004 og krafnanna um sérstakt auðkennismerki sem mælt er fyrir um vegna eftirlits með tilteknum dýrasjúkdómum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ([2]). Breyta ætti B-hluta I. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til að útlista nánar hvaða útfærslu ætti að nota við tilteknar aðstæður.

3) Samkvæmt II. viðauka er einnig gerð sú krafa til stjórnenda matvælafyrirtækja sem reka sláturhús að þeir, eins og við á, óski eftir, taki við, sannreyni og bregðist við upplýsingum um matvælaferlið að því er varðar öll dýr, önnur en villt veiðidýr, sem eru send eða senda á í sláturhús. Sömu kröfur ættu að gilda um stjórnendur matvælafyrirtækja sem reka starfsstöðvar sem meðhöndla veiðidýr þar sem alin veiðidýr, sem er slátrað á upprunastaðnum, eru send til starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr.

4) Færanleg sláturhús eru í auknum mæli notuð til að komast hjá hugsanlegum vandamálum er varða velferð dýra í flutningi, t.d. vegna langs flutningstíma dýra sem eru alin á afskekktum svæðum. Færanleg sláturhús eru háð samþykki eins og öll önnur sláturhús í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 í hverju aðildarríki þar sem þau eru starfrækt. Þó er þörf á að útlista nánar hvernig þessu samþykki skuli beitt ef um er að ræða samsetningu færanlegra og fastra starfsstöðva sláturhússins. Samþykki fyrir sláturhúsum byggist einkum á samræmi við kröfur um byggingu, skipulag og búnað þessara sláturhúsa sem kveðið er á um í II. kafla í I. og II. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1141, 19.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

5) Samkvæmt 6. mgr. 43. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ([3]) er heimilt, í undantekningatilvikum, að flytja lifandi dýr til annars sláturhúss. Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er ekki kveðið á um þennan möguleika. Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins ætti að laga reglugerð (EB) nr. 853/2004 að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 að því er þetta varðar. Því ætti að breyta IV. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.

6) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 853/2004 er heimilt að deyfa og blóðtæma takmarkaðan fjölda af tilteknum hóf- og klaufdýrum á býlinu með fyrirvara um sértækar kröfur, þ.m.t. að ekki er hægt að flytja dýrin í sláturhúsið til að koma í veg fyrir að þeim sem meðhöndlar dýrin sé stefnt í hættu eða til að koma í veg fyrir að dýrin skaðist í flutningi. Með þessari kröfu er möguleikinn á deyfingu og blóðtæmingu á býlinu að mestu leyti takmarkaður við dýr í dreifbærri ræktun og flest dýr útilokuð sem bændur meðhöndla reglulega og er því auðvelt að flytja án áhættu. Á grundvelli þeirrar reynslu sem stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld hafa aflað og að teknu tilliti til vaxandi kröfu um að koma í veg fyrir hvers konar vandamál er varða velferð dýra í flutningi þykir rétt að rýmka möguleikann á að deyfa og blóðtæma hóf- og klaufdýr á býlinu í samræmi við sértækar kröfur þannig að hann nái yfir sauðfé og geitur og önnur hóf- og klaufdýr, óháð því við hvaða hýsingarskilyrði þau eru alin.

7) Hinn 19. janúar 2023 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um örverufræðilegt öryggi meyrnaðs kjöts ([4]) (hér á eftir nefnt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar kemur fram að meyrnað kjöt skapi ekki meiri hættu fyrir lýðheilsu en nýtt kjöt ef tilteknar kröfur eru uppfylltar. Að teknu tilliti til aukinnar neyslu á meyrnuðu kjöti þykir rétt að mæla fyrir um sértækar kröfur sem mælt er með í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar í reglugerð (EB) nr. 853/2004, einkum að því er varðar þurrmeyrnað kjöt af nautgripum. Slíkt kjöt er sett á markað sem nýtt kjöt eða, t.d. með því að bæta við ræktunum í þroskun fyrir nýtt kjöt meðan á þurrmeyrnun stendur, sem unnin kjötvara. Breyta ætti bæði I. og V. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.

8) Í VII. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um önnur flutningsskilyrði fyrir skrokka, hálfa skrokka, fjórðunga eða hálfa skrokka sem eru stykkjaðir í þrjá hluta, af sauðfé, geitum, nautgripum og svínum. Þessi flutningsskilyrði byggjast á eftirliti með yfirborðshita kjötsins í staðinn fyrir kjarnahita þess og verða að uppfylla sértækar kröfur.

9) Á grundvelli þeirrar reynslu sem stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld hafa aflað þykir rétt að breyta þessum sértæku kröfum sem mælt er fyrir um í VII. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, einkum til að heimila að kjötinu sé safnað frá kæligeymslu og takmörkuðum fjölda sláturhúsa, að heimila flutning í sama hólfi með fleiri tegundum af kjöti sem uppfylla kröfurnar um lokahitastig slíks kjöts og til að fastsetja fleiri skilyrði varðandi hita og tíma fyrir flutning skrokka, hálfra skrokka, fjórðunga eða hálfra skrokka sem eru stykkjaðir í þrjá hluta, af sauðfé, geitum og nautgripum á hámarksflutningstíma sem nemur 30 klukkustundum.

10) Lögbær yfirvöld hafa greint frá mismunandi niðurstöðum úr mælingum á yfirborðshita þegar mismunandi aðferðir eru notaðar. Því er rétt að mæla fyrir um tilvísunaraðferð sem byggist á þeirri reynslu sem stjórnendur matvælafyrirtækja hafa aflað og tæknilegri þróun um leið og möguleikanum á að nota staðgönguaðferðir er viðhaldið.

11) Samkvæmt III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er þess krafist að aldir strútfuglar og alin hóf- og klaufdýr sem er slátrað á býlinu skuli flutt í sláturhús til frekari meðhöndlunar. Þar eð starfsstöðvar sem meðhöndla veiðidýr eru með viðeigandi aðstöðu til að meðhöndla, í samræmi við reglur um hollustuhætti, slík alin veiðidýr sem er slátrað á býlinu ætti þeim einnig að vera heimilt að taka við og meðhöndla alda strútfugla og alin hóf- og klaufdýr.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(1), 7745.

12) Samkvæmt i-lið 3. liðar í III. þætti III. viðauka er þess einnig krafist að yfirlýsing til sláturhússins frá stjórnanda matvælafyrirtækisins, þar sem dýrin voru alin, fylgi með öldum strútfuglum og öldum hóf- og klaufdýrum sem er slátrað á býlinu. Upplýsingarnar sem veittar eru í yfirlýsingunni eru svipaðar og upplýsingarnar um matvælaferlið. Til að draga úr stjórnsýsluálagi með þessari tvítekningu á upplýsingum ætti að fella brott kröfuna um yfirlýsinguna. Í stað tilvísana til i. liðar í 3. lið ættu að koma tilvísanir til upplýsinganna um matvælaferlið.

13) Öldum veiðidýrum sem er slátrað á upprunabúinu skal fylgja vottorð þar sem staðfest er að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 3. lið III. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 með því að nota fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í 3. kafla IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ([5]). Til að komast hjá allri tvíræðni milli lagakröfunnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 og fyrirmyndarinnar að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 ætti orðalagið í heilbrigðisvottorðinu í bæði reglugerð (EB) nr. 853/2004 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 að vera að fullu samræmt.

14) Í 1. og 2. lið VII. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að ferskum lagarafurðum og þíddum óunnum lagarafurðum skuli haldið við hitastig sem er nálægt hitastigi bráðnandi íss og að frystum lagarafurðum skuli haldið við hitastig sem fer ekki yfir –18 °C í neinum hlutum afurðanna. Í lagarafurðageiranum þarf stundum að nota vélar sem sneiða ferskar, þíddar óunnar lagarafurðir eða unnar lagarafurðir og geta sett sneiðarnar saman aftur með því að nota milliarkir (e. *interleaving sheet*) sem er komið fyrir sjálfvirkt. Í því tilviki eru lagarafurðirnar settar í kælirými til að lækka upphaflegt hitastig þeirra eða, ef um er að ræða þegar frystar afurðir, til að hækka hitastig þeirra yfir –18 °C til að hægt sé að skera þær eða sneiða. Því er rétt að leyfa að hitastig lagarafurða sem þessi aðferð er notuð á sé, í takmarkaðan tíma, frábrugðið hitastiginu sem krafist er í 1. og 2. lið VII. kafla VIII. þáttar III. viðauka þegar það er nauðsynlegt fyrir tæknilega áskilið hitastig. Geymsla og flutningur við þetta hitastig ættu þó ekki að vera leyfð.

15) Í I. hluta I. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um heilbrigðiskröfur varðandi framleiðslu á hrámjólk og broddi í hjörðum alidýra sem mjólk og broddi er safnað úr með það í huga að setja þau á markað. Í 3. lið þessa I. hluta er kveðið á um að hrámjólk úr kúm, bufflum, sauðfé eða geitum sem koma ekki úr hjörðum sem eru lausar við eða opinberlega lausar við öldusótt og berkla skuli fá hitameðhöndlun þannig að hún sýni neikvæða svörun við prófun með basískum fosfatasa. Prófun með basískum fosfatasa er þó ekki hentug aðferð til að sannreyna hitameðhöndlun hrámjólkur úr öðrum tegundum en nautgripum eða hrámjólkur sem er aðskilin í mismunandi þætti áður en hún er hitameðhöndluð í nútímalegum vinnslustöðvum. Því ætti að bjóða stjórnendum matvælafyrirtækja upp á aðra möguleika sem byggjast á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvægum stýrisstöðum (GáHMSS) sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ([6]) til að sýna fram á skilvirkni hitameðhöndlunar sem er beitt.

16) Í II. hluta II. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um kröfur er varða hitameðhöndlun á hrámjólk, broddi, mjólkurafurðum eða afurðum að stofni til úr broddi. Í a-lið 1. liðar í þessum II. hluta er kveðið á um að gerilsneyddar afurðir skuli sýna, eftir því sem við á, neikvæða svörun við prófun með basískum fosfatasa strax eftir slíka meðhöndlun. Vegna þess að prófun með basískum fosfatasa hentar ekki til að sannreyna hitameðhöndlun hrámjólkur úr öðrum tegundum en nautgripum eða hrámjólkur sem er aðskilin í mismunandi þætti áður en hún er hitameðhöndluð ættu aðrir möguleikar, sem byggjast á meginreglum greiningar á hættu og mikilvægum stýristöðum, einnig að standa stjórnendum matvælafyrirtækja til boða til að sýna fram á skilvirkni gerilsneyðingarinnar.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

17) Í I. kafla X. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um reglur um hollustuhætti við framleiðslu á eggjum og einkum kveðið á um að egg skuli geymd, þar til þau eru seld neytendum, á athafnasvæði framleiðanda, laus við framandi lykt þar eð slík lykt getur verið vísbending um breytingu á eggjunum sem gerir þau óhæf til beinnar neyslu af hálfu lokaneytenda. Ef stjórnandi matvælafyrirtækis hefur af ásetningi bætt framandi lykt við egg til að bragðbæta þau með tilteknu bragði þýðir tilvist slíkrar lyktar þó ekki að eggin skapi áhættu fyrir neytendur. Setning eggja á markað sem lykt hefur verið bætt við af ásetningi ætti því að vera leyfð, að því tilskildu að slíkri aðgerð sé ekki ætlað að fela framandi lykt sem er þegar af eggjunum.

18) Rétt þykir að veita stjórnendum matvælafyrirtækja nægan tíma til að aðlagast nýju kröfunum um þurrmeyrnun nautakjöts eða til að sýna lögbæru yfirvaldi á fullnægjandi hátt fram á öryggi annars konar aðferða. Þess vegna ættu þessar nýju kröfur sem mælt er fyrir um í VII. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eins og henni var breytt með þessari reglugerð, að koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

19) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Auðkennismerkið á afurðum úr dýraríkinu má áfram innihalda skammstöfunina fyrir „Evrópubandalagið“ sem sett er fram í 8. lið B-hluta I. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, í þeirri útgáfu sem var í gildi áður en henni var breytt með þessari reglugerð, til 31. desember 2028 og afurðir úr dýraríkinu með slík auðkennismerki sem voru sett á fyrir þann dag mega vera áfram á markaði.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar iv. liðar í a-lið 3. liðar viðaukans koma til framkvæmda frá og með 9. nóvember 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum B-hluta I. þáttar II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:

„8. Þegar merkið er notað í starfsstöð innan Sambandsins skal það vera sporöskjulaga og með skammstöfun Evrópusambandsins („ESB“) á einu af opinberum tungumálum Sambandsins sem hér segir: EC, EU, EL, UE, EE, AE, ES, EÚ.

Þessar skammstafanir skulu ekki vera á merkjum, sem eru sett á í starfsstöðvum sem eru staðsettar utan Sambandsins, á vörum sem eru fluttar inn til Sambandsins.“

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„8a Skipta má kröfunum um útfærslu auðkennismerkisins í þessum B-hluta út fyrir kröfurnar um sérstakt auðkennismerki í samræmi við 65. gr. (h-lið 1 mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (*) og reglurnar sem voru samþykktar í samræmi við 67. gr. (a-lið), 71. gr. (3. eða 4. mgr.) eða 259. gr. (1. eða 2. mgr.) þeirrar reglugerðar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).“

2) Ákvæðum III. þáttar II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsliðarins kemur eftirfarandi:

„Stjórnendur matvælafyrirtækja sem reka sláturhús eða starfsstöðvar sem meðhöndla veiðidýr verða, eins og við á, að óska eftir, taka við, sannreyna og bregðast við upplýsingum um matvælaferlið eins og sett er fram í þessum þætti að því er varðar öll dýr, önnur en villt veiðidýr, sem eru send eða á að senda í sláturhús eða á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr.“

b) Í 1., 2., 3., 4., 5., 6. og 7. lið koma orðin „sláturhús eða starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr“ í stað orðsins „sláturhús“.

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna í II. kafla kemur eftirfarandi:

Stjórnendur sláturhúsa skulu sjá til þess að bygging, skipulag og búnaður sláturhúsa, þar sem tömdum hóf- og klaufdýrum er slátrað, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi 1. til 9. lið. Sláturhús að hluta til færanleg skulu rekin í samstarfi við fasta slátrunaraðstöðu til viðbótar til að mynda heildstætt sláturhús sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi 1. til 9. lið. Sláturhús að hluta til færanleg má reka með fleiri en einni fastri slátrunaraðstöðu til viðbótar og mynda þannig nokkur sláturhús.“

ii. Í stað 1. liðar IV. kafla kemur eftirfarandi:

„1. Ekki má draga slátrun dýra að óþörfu eftir komu þeirra í sláturhús. Ef nauðsyn krefur, af ástæðum er varða velferð dýra, skulu dýrin þó fá hvíldartíma fyrir slátrun. Dýrum sem eru flutt til slátrunar í sláturhúsi skal slátrað þar og einungis má heimila í undantekningartilvikum beina flutninga til annars sláturhúss í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 43. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627.“

iii. Ákvæðum VI. kafla a er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„VI. kafli a: SLÁTRUN TAMINNA NAUTGRIPA, ANNARRA EN AMERÍKUVÍSUNDA, OG SAUÐFJÁR, GEITA OG SVÍNA OG TAMINNA STAKTÆÐRA HÓFDÝRA Á UPPRUNABÚI, ÖNNUR EN NEYÐARSLÁTRUN

2) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Heimilt er að slátra allt að þremur tömdum nautgripum, öðrum en ameríkuvísundum, allt að þremur tömdum staktæðum hófdýrum, allt að sex tömdum svínum eða allt að níu sauðkindum eða geitum við sama tækifæri á upprunabúinu, þegar lögbært yfirvald hefur gefið heimild til þess, í samræmi við eftirfarandi kröfur:“

3) Ákvæði a-liðar falla brott.

iv. Ákvæðum VII. kafla er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 2. lið:

„2a Að því er varðar þennan lið merkir „þurrmeyrnun“ geymslu á nýju kjöti við loftháð skilyrði með því að skrokkar eða stykki, annaðhvort án umbúða eða pökkuð í poka sem hleypa í gegn vatnsgufu, eru hengd upp í kældu rými eða kæliskáp og látin meyrna í nokkrar vikur við stýrð umhverfisskilyrði m.t.t. hitastigs, rakastigs og loftstreymis.

Áður en nautgripakjöt sem er látið þurrmeyrna er sett á markað eða fryst skal það geymt við yfirborðshita sem nemur –0,5 til 3,0 °C, rakastig að hámarki 85% og loftstreymi sem nemur 0,2 til 0,5 m/s í sérstöku rými eða skáp í að hámarki 35 daga eftir að það hefur náð stöðugleika eftir slátrun. Stjórnendum matvælafyrirtækja er þó heimilt að nota aðrar samsetningar yfirborðshita, rakastigs, loftstreymis og tíma eða láta kjöt af öðrum tegundum þurrmeyrna ef þeir sýna lögbæru yfirvaldi á fullnægjandi hátt fram á að jafngildar ábyrgðir séu veittar varðandi öryggi kjötsins.

Auk þess skal beita eftirfarandi sértækum ráðstöfunum:

i. þurrmeyrnun skal hefjast strax eftir að kjötið hefur náð stöðugleika eftir slátrun og án ótilhlýðilegra tafa á stykkjun og/eða flutningi til starfsstöðvar þar sem þurrmeyrnun fer fram,

ii. ekki skal setja kjötið inn í rýmið eða skápinn fyrr en hitastigið og rakastigið sem um getur í annarri undirgrein hafa náðst,

iii. kjötið skal hanga á beini eða, ef hilla er notuð, tryggja skal fullnægjandi raufar til að auðvelda loftstreymi með reglulegum snúningi þar sem hollustusamlegar aðferðir eru notaðar,

iv. nota má meira loftstreymi í upphafi þurrmeyrnunarferlisins til að auðvelda fljóta skorpumyndun og draga úr virkni yfirborðsvatns,

v. nota skal hitamæla, rakastigsnema og annan búnað til að vakta nákvæmlega og auðvelda stjórnun á skilyrðum í rýminu eða skápnum,

vi. loft sem fer úr eiminum, flæðir aftur í eiminn og kemst í snertingu við kjötið skal síað eða meðhöndlað með útfjólubláu ljósi,

vii. ef skorið er af skorpunni skal slíkur afskurður framkvæmdur við hollustusamleg skilyrði.“

2) Í stað iv. til viii. liðar b-liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„iv. ökutækið sem flytur skrokkana, hálfu skrokkana, fjórðungana eða hálfu skrokkana sem eru stykkjaðir í þrjá hluta sækir kjöt í að hámarki þrjú sláturhús í hverjum flutningi, eða í eina kæligeymslu sem sækir beint í sláturhús; allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum b-lið skulu gilda um alla farma af skrokkum, hálfum skrokkum, fjórðungum eða hálfum skrokkum sem eru stykkjaðir í þrjá hluta og sendir frá sláturhúsinu og kæligeymslunni sem sækir í ofangreint sláturhús,

v. yfirborðshiti skrokka, hálfra skrokka, fjórðunga eða hálfra skrokka sem eru stykkjaðir í þrjá hluta skal vera 15 °C við upphaf flutningsins ef það á að flytja þá í sama hólfi og kjöt sem uppfyllir kröfuna um hitastig sem sett er fram í 1. lið fyrir sláturmat og 7 °C fyrir annað kjöt,

vi. yfirlýsing frá stjórnanda matvælafyrirtækisins fylgir sendingunni; í yfirlýsingunni skal koma fram hversu lengi kæling stóð yfir fyrir fyrstu lestun, hvenær fyrsta lestun skrokka, hálfra skrokka, fjórðunga eða hálfra skrokka sem eru stykkjaðir í þrjá hluta hófst, yfirborðshiti á þeim tímapunkti, hámarkslofthiti sem má vera meðan flutningur skrokkanna, hálfu skrokkanna, fjórðunganna eða hálfu skrokkanna sem eru stykkjaðir í þrjá hluta stendur yfir, hámarksflutningstími sem er heimilaður, dagsetning leyfis og heiti lögbærs yfirvalds sem veitir leyfi fyrir flutningnum í samræmi við ii. lið,

vii. stjórnandi matvælafyrirtækisins á ákvörðunarstaðnum verður að tilkynna lögbæru yfirvaldi um það áður en hann tekur í fyrsta sinn á móti skrokkum, hálfum skrokkum, fjórðungum eða hálfum skrokkum sem eru stykkjaðir í þrjá hluta sem ná ekki hitastiginu, sem um getur í 1. lið, áður en flutningurinn hefst,

viii. kjötið skal flutt í samræmi við eftirfarandi mæliþætti:

— Hámarksflutningstíminn er (*) 6 klukkustundir:

| Tegund | Yfirborðshiti (1) | Hámarkstími til að kæla niður í yfirborðshita (2) | Hámarksloft-hiti við flutning (3) | Daglegt hámarksmeðaltal fjölda örvera við loftháð skilyrði á skrokkum (4) |
|---|---|---|---|---|
| Sauðfé og geitur | 7 °C | 8 klst. | 6 °C | $\log_{10}$ 3,5 cfu/cm$^2$ |
| Nautgripir | | 20 klst. | | $\log_{10}$ 3,5 cfu/cm$^2$ |
| Svín | | 16 klst. | | $\log_{10}$ 4 cfu/cm$^2$ |

(1) Hámarksyfirborðshiti sem er heimilaður við lestun og eftir það er hitastigið mælt í þykkasta hluta skrokkanna, hálfu skrokkanna, fjórðunganna eða hálfu skrokkanna sem eru stykkjaðir í þrjá hluta.

(2) Hámarkstími sem er heimilaður frá tímapunkti aflífunar og þangað til hámarksyfirborðhita, sem er heimilaður við lestun, er náð.

(3) Hámarkslofthiti sem kjötið má vera við frá þeim tímapunkti að lestun hefst og allan tímann meðan flutningurinn stendur yfir.

(4) Daglegt hámarksmeðaltal fjölda örvera við loftháð skilyrði á skrokkum í sláturhúsum með því að nota endurtækt 10 vikna tímabil, heimilað fyrir skrokka af viðkomandi tegundum, eins og rekstraraðilinn hefur metið þannig að lögbært yfirvald telji það fullnægjandi, samkvæmt sýnatöku- og prófunaraðferðum sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1 og 2.1.2 í 2. kafla og í lið 3.2 í 3. kafla I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

Lengja má hámarksflutningstímann í 30 klukkustundir ef kjarnahita undir 15 °C er náð áður en flutningurinn hefst.

— Hámarksflutningstíminn er (**) 60 klukkustundir:

| Tegund | Yfirborðs-hiti (1) | Hámarkstími til að kæla niður í yfirborðshita (2) | Kjarnahiti (3) | Hámarks-lofthiti við flutning (4) | Daglegt hámarksmeðaltal fjölda örvera við loftháð skilyrði á skrokkum (5) |
|---|---|---|---|---|---|
| Sauðfé og geitur | 4 °C | 12 klst. | 15 °C | 3 °C | $\log_{10}$ 3 cfu/cm$^2$ |
| Nautgripir | | 24 klst. | | | |

(1) Hámarksyfirborðshiti sem er heimilaður við lestun og eftir það er hitastigið mælt í þykkasta hluta skrokkanna, hálfu skrokkanna, fjórðunganna eða hálfu skrokkanna sem eru stykkjaðir í þrjá hluta.
(2) Hámarkstími sem er heimilaður frá tímapunkti aflífunar og þangað til hámarksyfirborðhita, sem er heimilaður við lestun, er náð.
(3) Hámarkskjarnahiti kjöts sem er heimilaður þegar lestað er og eftir það.
(4) Hámarkslofthiti sem kjötið má vera við frá þeim tímapunkti að lestun hefst og allan tímann meðan flutningurinn stendur yfir.
(5) Daglegt hámarksmeðaltal fjölda örvera við loftháð skilyrði á skrokkum í sláturhúsum með því að nota endurtækt 10 vikna tímabil, heimilað fyrir skrokka af viðkomandi tegundum, eins og rekstraraðilinn hefur metið þannig að lögbært yfirvald telji það fullnægjandi, samkvæmt sýnatöku- og prófunaraðferðum sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1 og 2.1.2 í 2. kafla og í lið 3.2 í 3. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005.

ix. aðferðir til að mæla yfirborðshitann skulu fullgiltar og eftirfarandi aðferð skal notuð sem tilvísunaraðferð:


— nota skal hitamæli sem er kvarðaður í samræmi við nýjustu útgáfuna af ISO 13485,

— skynjaranum skal stungið lóðrétt 0,5 til 1 cm djúpt í þykkasta hlutann á ytri hluta af einhverju af eftirfarandi:

a) bógnum eða

b) læri nautgripa, sauðfjár og geita eða læri svína eða innra yfirborð svínslæris á miðjum efri hlutanum,

— fimm hitamælingar skulu framkvæmdar sem hér segir:




— að minnsta kosti ein af fimm mælingum skal vera undir kröfunum um yfirborðshita sem mælt er fyrir um í viii. lið.

---

(*) Hámarkstími sem má líða frá því að lestun kjötsins í ökutækið hefst þangað til endanleg sending er tilbúin. Lestun kjötsins í ökutækið má standa lengur en í þann hámarkstíma sem er veittur fyrir kælingu kjötsins í uppgefinn yfirborðshita. Ef slíkt gerist verður að stytta hámarksflutningstímann, sem heimilaður er, um jafnlangan tíma og lestunin dróst á langinn. Lögbært yfirvald aðildarríkis ákvörðunarstaðarins má takmarka fjölda afhendingarstaða.

(**) Hámarkstími sem má líða frá því að lestun kjötsins í ökutækið hefst þangað til endanleg sending er tilbúin. Lestun kjötsins í ökutækið má standa lengur en í þann hámarkstíma sem er veittur fyrir kælingu kjötsins í uppgefinn yfirborðshita. Ef slíkt gerist verður að stytta hámarksflutningstímann, sem heimilaður er, um jafnlangan tíma og lestunin dróst á langinn. Lögbært yfirvald aðildarríkis ákvörðunarstaðarins má takmarka fjölda afhendingarstaða.“

b) Í stað inngangsorðanna í II. kafla II. þáttar kemur eftirfarandi:

Stjórnendur sláturhúsa skulu sjá til þess að bygging, skipulag og búnaður sláturhúsa, þar sem alifuglum eða nörturum er slátrað, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi 1. til 7. lið. Sláturhús að hluta til færanleg skulu rekin í samstarfi við fasta slátrunaraðstöðu til viðbótar til að mynda heildstætt sláturhús sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi 1. til 7. lið. Sláturhús að hluta til færanleg má reka með fleiri en einni fastri slátrunaraðstöðu til viðbótar og mynda þannig nokkur sláturhús.“

c) Ákvæðum III. þáttar er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) ef aflífuð og blóðtæmd dýr eru flutt í sláturhúsið eða á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr, eins og við á, í samræmi við reglur um hollustuhætti og án óþarfa tafa. Taki flutningurinn meira en tvær klukkustundir skulu dýrin kæld; ekki þarf að grípa til kælingar ef veðurfarsskilyrði gera það óþarft. Fjarlægja má innyfli á vettvangi undir eftirliti dýralæknis.“

ii. Ákvæði i-liðar falla brott,

og

iii. í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) ef heilbrigðisvottorð, sem sett er fram í 3. kafla IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235, sem opinber dýralæknir hefur gefið út og undirritað, staðfestir að niðurstöður úr skoðun fyrir slátrun hafi verið jákvæðar, að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu dýrsins og slátrunardag og -stund, fylgir aflífaða dýrinu til sláturhússins eða á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr, eins og við á, eða það skal sent fyrir fram á hvaða sniði sem er.“

2) Í stað liðar 3a kemur eftirfarandi:

„3a Þrátt fyrir j-lið 3. liðar getur lögbært yfirvald leyft að vottun um að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu og um slátrunardag og -stund komi einungis fram í upplýsingum um matvælaferlið í samræmi við III. þátt II. viðauka við þessa reglugerð að því tilskildu að:

a) búið sé ekki staðsett á takmörkunarsvæði sem er skilgreint í 41. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

b) stjórnandi matvælafyrirtækisins hafi sýnt fram á tilskilda hæfni til að slátra dýrum án þess að valda þeim óþarfa sársauka, nauð eða þjáningum í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1099/2009 og með fyrirvara um 12. gr. þeirrar reglugerðar.“

d) Eftirfarandi lið er bætt við í III. kafla V. þáttar:

„6. Unnar kjötvörur sem eru látnar þurrmeyrnast skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 2a í VII. kafla I. þáttar í þessum III. viðauka.“

e) Eftirfarandi lið er bætt við í VII. kafla VIII. þáttar:

„4. Ef halda þarf ferskum lagarafurðum, þíddum ósunnum lagarafurðum eða unnum lagarafurðum við hitastig sem er undir hitastigi bráðnandi íss til að hægt sé að nota vélar sem sneiða eða skera lagarafurðir má halda þeim við slíkt tæknilega áskilið hitastig í eins stuttan tíma og hægt er og í öllum tilvikum ekki lengur en í 96 klukkustundir. Geymsla og flutningur við þetta hitastig skulu ekki leyfð.

Ef halda þarf frystum lagarafurðum við hitastig yfir –18 °C til að hægt sé að nota vélar sem sneiða eða skera lagarafurðir má halda þeim við slíkt tæknilega áskilið hitastig í eins stuttan tíma og hægt er og í öllum tilvikum ekki lengur en í 96 klukkustundir. Geymsla og flutningur við þetta hitastig skulu ekki leyfð.“

f) Ákvæðum IX. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar I. hluta I. kafla kemur eftirfarandi:

„3. Þó má nota hrámjólk eða brodd úr dýrum sem standast ekki kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið að fengnu leyfi lögbærs yfirvalds:

a) ef um er að ræða kýr, buffla, sauðfé eða geitur eða kvendýr af öðrum tegundum sem sýna ekki jákvæða svörun í berkla- eða öldusóttarprófun og engin einkenni þessara sjúkdóma, og ef um er að ræða sauðfé eða geitur sem hafa verið bólusett gegn öldusótt sem hluti af samþykktri útrýmingaráætlun og sýna engin einkenni þess sjúkdóms, eftir að mjólkin hefur verið hitameðhöndluð þannig að hún gefur, eftir því sem við á, neikvæða svörun í prófun með basískum fosfatasa. Ef prófun með basískum fosfatasa hentar ekki til að sýna fram á skilvirkni hitameðhöndlunar sem er beitt, s.s. við aðstæður þar sem hrámjólk er framleidd úr öðrum tegundum en nautgripum eða aðskilin í mismunandi þætti áður en hún er hitameðhöndluð, skal stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að láta lögbæru yfirvaldi í té nauðsynlegar tryggingar og halda tengdar skrár sem hluta af sínum verklagsreglum á grundvelli meginreglna um greiningu á hættu og mikilvægum stýrisstöðum í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,

b) ef um er að ræða sauðfé eða geitur sem sýna ekki jákvæða svörun í öldusóttarprófun, eða sem hafa verið bólusett gegn öldusótt sem hluti af samþykktri útrýmingaráætlun og sem sýna engin einkenni þess sjúkdóms, til framleiðslu á ostum sem þurfa að þroskast í a.m.k. tvo mánuði.“

ii. Í stað a-liðar 1. liðar í II. hluta II. kafla kemur eftirfarandi:

„a) Gerilsneyðing á sér stað með aðferð sem felur í sér:

i. hátt hitastig í skamman tíma: a.m.k. 72 °C í 15 sekúndur,

ii. lágt hitastig í langan tíma: a.m.k. 63 °C í 30 mínútur eða

iii. hvaða samsetningu tíma og hitastigs sem er til að ná fram jafngildum áhrifum.

Meðhöndlunin sem um getur í i., ii. og iii. lið skal tryggja að afurðirnar sýni, eftir því sem við á, neikvæða svörun við prófun með basískum fosfatasa strax eftir slíka meðhöndlun. Ef prófun með basískum fosfatasa hentar ekki til að sýna fram á skilvirkni gerilsneyðingar, s.s. við aðstæður þar sem afurðir eru fengnar úr öðrum tegundum en nautgripum eða aðskildar í mismunandi þætti fyrir gerilsneyðingu, skal stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að láta lögbæru yfirvaldi í té nauðsynlegar tryggingar og halda tengdar skrár sem hluta af sínum verklagsreglum á grundvelli meginreglna um greiningu á hættu og mikilvægum stýrisstöðum í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.“

g) Í stað 1. liðar I. kafla X. þáttar kemur eftirfarandi:

„1. Egg skulu geymd, þar til þau eru seld neytendum, á athafnasvæði framleiðanda, hrein, þurr, laus við framandi lykt án ásetnings og varin gegn höggum og sólarljósi. Notkun framandi lyktar af ásetningi á egg skal ekki miða að því að fela lykt sem fyrir er.“